

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2480-008-MIN-001-V01

DAGS.

06.04.2022

SENDANDI

Páll Höskuldsson
Ólafur Wernersson (Orkugerðin ehf.)

VERKHEITI

2480-008 - Orkugerðin - starfsleyfi

VERKKAUPI

Texti

DREIFING

Opinbert gagn

MÁLEFNI

Umsókn um breytingu á starfsleyfi Orkugerðarinnar ehf.

Orkugerðin ehf. óskar eftir breytingu á núverandi starfsleyfi verksmiðjunnar þannig að heimilt verði að taka á móti 14.000 tonnum af hráefni á ári í stað 7.000 tónna á ári eins og er heimilt samkvæmt núverandi starfsleyfi. Ástæður fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar stafar af aukinni eftirspurn eftir móttöku og meðhöndlun á lífrænum úrgangi þar sem urðun á honum verður takmörkuð í framtíðinni.

Aukning á framleiðslugetu úr 7.000 t/ár af hráefni í 14.000 t/ár mun ekki hafa í för með sér miklar breytingar á verksmiðjunni. Notast verður við sama búnað og húsakost og framleiðsluaukning mun að mestu nást með lengri keyrslutíma þar sem gert er ráð fyrir að keyra verksmiðjuna að staðaldri allan sólarhringinn eins og reyndar er gert í dag á mestu álagstímum yfir sláturvertíðina. Líklegt er að einhverjar endurbætur verði gerðar á núverandi búnaði þannig að styttri tíma mun taka að klára hverja lotu.

Vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar var send inn greinagerð með fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar og liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð framleiðsluaukning sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Greinagerðin og ákvörðun Skipulagsstofnunar fylgir hér með þessu minnisblaði. Í greinagerðinni er farið í gegnum helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og eru niðurstöður hennar að neikvæð áhrif séu óveruleg og þau lágmarkuð eins og kostur er. Búast megi við jákvæðum samfélagslegum áhrifum.

Einungis er talið að breyta þurfi heimiluðu hráefnamagni úr 7.000 tonnum af hráefni á ári í 14.000 tonn af hráefni á ári sem tilgreint er í 1 mgr. greinar 1.2 í starfsleyfinu. Allt annað í starfsleyfinu getur staðið óbreytt.